

María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla

Um málefni Húsabakkaskóla

Málefni Húsabakkaskóla í Svarfaðardal hafa verið töluvert í umræðunni sl. mánuði en í byrjun mars dró til tíðinda þegar bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar ákvað á fundi sínum að leggja niður skólahald í skólanum frá og með næsta skólaári. Frá því 1996 hafa sveitarfélög borið ábyrgð á skipulagi og framkvæmd starfsemi grunnskóla á Íslandi. Það er margt sem felst í þeirri ábyrgð, einkum þó að tryggja framkvæmd á ákvæðum laga frá Alþingi (grunnskólalög) og aðalnámsskrár sem sett er af menntamálaráðuneyti. Yfirfærsla grunnskólanna til sveitarfélaganna var liður í því að auka valddreifingu og færa þjónustuna nær þeim sem nýta hana. Þannig er í valddreifðu kerfi lögð áhersla á að þeir sem næstir standa vettvangi hafi sem mest að segja um eigin málefni. Það er fagnaðarefni fyrir okkur öll að þróun mála sé í þá átt að fleiri geti deilt ábyrgð, tekið þátt í stjórnun og veitt stjórnendum og pólitískum fulltrúum aðhald. En er raunveruleikinn í takt við hugmyndirnar?

Í dag er dreifstýring hin pólitíska áhersla um stjórnun skóla. Ábyrgð á framkvæmd skólastarfs hvílir annars vegar á pólitískt kjörinni fræðslu- eða skólanefnd og hins vegar á skólastjórum einstakra skóla. Þessar nefndir eru að jafnaði skipaðar leikmönnum og fagleg þekking er ekki gerð að skilyrði. Auk pólitískt kjörinna fulltrúa eiga fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra áheyrnarfulltrúa í nefndinni. Þessi staðreynd varpar ljósi á mikilvægi þess að skilgreina vel hlutverk þeirra sem hafa hagsmuna að gæta í málaflokknum og tryggja að hver hagsmunahópur eigi þess kost að koma með beinum hætti að mikilvægum og stefnumarkandi ákvörðunum í málaflokkum.

Stærsti hagsmunahópurinn í skólasamfélaginu eru foreldrar. Í grunnskólalögum nr. 66 frá 1995 eru ákvæði um stofnun og hlutverk foreldraráða í grunnskólum, sem og setu foreldra í skólanefndum. Í 4. mgr. 16. gr. laganna segir: “Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.” Í 4 mgr. 13. gr. laganna segir einnig að áheyrnarfulltrúar, þ.e. fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra, eigi lögbundinn rétt til setu í skólanefnd grunnskóla. Ákvæði grunnskólalaga tryggja foreldrum þannig áhrifavald um stjórnun skóla en þessi áhrif eru fyrst og fremst óbein.

Framkomnar upplýsingar um vinnu við tillögugerð um framtíðarskipan skólamála í Dalvíkurbyggð, og kynningu og ákvörðun um tillögunu sýna að pólitískt kjörnir fulltrúar í Dalvíkurbyggð virtu að vettugi rétt foreldra, sem tryggður er með ofangreindum ákvæðum í lögum, að koma með beinum hætti að þessari mikilvægu og stefnumarkandi ákvörðun sveitarstjórnarinnar varðandi skólalög í sveitarfélaginu. Í upphafi vinnunnar sl. haust var aðgengi fullrúa foreldra í fræðsluráði að sérstökum vinnufundum um málið takmarkað. Félagsmálaráðuneytið fékk á haustdögum send þrjú erindi vegna þessa. Í álit ráðuneytisins frá í október (*sjá álit í heild sinni á www.heimiliogskoli.is*) er það talið aðfinnsluvert af hálfu fræðsluráðs Dalvíkurbyggðar að boða ekki áheyrnarfulltrúa á fræðsluráðsfundi, sem og óformlega vinnufundi, sem varða þau málefni og þær stofnanir sem þeir eru fulltrúar fyrir. Þetta álit byggir á því að engin ákvæði í grunnskólalögum né sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, takmarki rétt áheyrnarfulltrúa til að sitja fundi fræðsluráðsins. Þannig telur ráðuneytið óheimilt að setja setu áheyrnarfulltrúa skorður, “nema í þröngum undantekningartilvikum ef bersýnilegt er að umræðuefnið sé utan þess málefnis sem áheyrnarfulltrúi á rétt á að fylgjast með.” Í niðurstöðunni segir enn fremur: “komi upp vafaatriði um það hvort málefni heyri undir verkefni tiltekinna áheyrnarfulltrúa ber að skýra þann vafa fulltrúanum í hag.” Skýrara getur það ekki orðið. Er framtíðarskipulag grunnskólamálefna ekki dæmigert umræðuefni þar sem áheyrnarfulltrúar á vegum grunnskóla eigi að eiga skýlausan rétt til að fylgjast með umræðu? Dæmi hver fyrir sig.

Í annan stað reyndist fulltrúum foreldra í foreldraráðum þriggja grunnskóla í byggðarlaginu erfitt að fá svör við almennum fyrirspurnum sínum um tillögurnar. Umsagnarréttur foreldraráðanna var ekki heldur virtur því það var ekki fyrr en þann 15. febrúar, þegar afgreiðslu málsins hafði verið vísað úr fræðsluráði til bæjarstjórnar, að foreldraráðin, eftir ítrekaðar óskir þar um, fengu tillögunu um framtíðarskipan skólamála í hendur til umsagnar eins og þeim ber skv. lögum. Það er skemmst frá því að segja að ekkert foreldraráðanna treysti sér til að veita jákvæða umsögn um þær tillögur sem lagðar voru fram og samþykktar af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 1. mars sl.

Hér er ekki lýst skoðun á ákvörðun bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar um framtíðarskipan skólamála í byggðinni, né tekin efnisleg afstaða til tillögunnar sjálftrar. Það er þeirra sem búa í byggðarlaginu að marka sýn í skólamálum og taka afstöðu til tillagna þar um. Á því leikur heldur enginn vafi að það er í höndum pólitískt kjörinna fulltrúa að marka stefnu í skólamálum hvers byggðarlags. Það er hins vegar sjálfstöð og eðlileg krafa að þeir hinir sömu framfylgi stjórnsýslulegum ákvæðum um ákvarðanatöku og samráð. Það skiptir máli á öllum sviðum stjórnsýslunnar, ekki síst við ákvarðanatöku í nærsamfélagi. Til hvers að dreifa valdinu og færa það heim í hérað ef það leiðir ekki af sér raunverulegt aukið samráð og lýðræði til handa íbúunum? Ákvæðin í lögnum sem hér er vísað til eiga að tryggja að foreldrar - þeir sem mestra hagsmuna eiga að gæta - eigi þess kost að koma með beinum hætti að öllum mikilvægum og stefnumarkandi ákvörðunum varðandi skólalag í hverju sveitarfélagi. Ef kjörnir fulltrúar vilja í raun taka mið af sjónarmiðum og óskum foreldra um framkvæmd, skipulag og stjórnun grunnskóla þarf að gera betur í að tryggja þennan rétt foreldra en gert var í Dalvíkurbyggð. Að öðrum kosti verður áherslan á aukna valddreifingu og samráð um ákvarðanatöku smám saman orðin tóm.

Reykjavík mars 2005

María Kristín Gylfadóttir

Formaður Heimilis og skóla